


## Leiðbeiningar fyrir eigendaskipti í gegnum Hundavef

Félagsmenn HRFÍ geta framkvæmt eigendaskipti í gegnum hundavefur.is sér að kostnaðarlausu. Enn er hægt að sækja um eigendaskipti á pappír hjá skrifstofu en gjald er tekið fyrir þau eigendaskipti samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

1. Hægt er að velja í valmyndinni hægra megin á skjánum annað hvort "Ný eigendaskipti" undir "Hundar", eða fara í "Eigendaskipti á hundi".



2. Þegar komið er inn í eigendaskipta gluggann er valið hund úr listanum sem fellur niður þegar smelt er á "Veldu hund". Viðkomandi hundur er valinn og smelt á "Bæta við eiganda".

### Upplýsingar um eigendaskipti

Hundarnir mínir

Veldu hund

Ejerskifte dato

10.12.2022

Bæta við eiganda

Áfram

3. Þá opnast mynd þar sem beðið er um upplýsingar eiganda. Þegar kennitala er fyllt út þá fyllist sjálfkrafa í aðra reiti, að undanskildu símanúmeri og netfangi sem þarf að fylla út í. Ef um erlendan eiganda er að ræða, t.d. ef hundur er að fara í útflutning, þá er hægt að fylla út alla reitina að undanskilinni kennitölu. Þegar búið er að fylla út formið er ýtt á "Vista" eða á "Gem og tilföj flere ejere" (á íslensku: "Vista og skrá fleiri eigendur") ef það eru fleiri en einn eigandi.

#### Upplýsingar um eiganda

ATH ef skrá skal fleiri en einn eiganda, þarf að skrá inn hvern fyrir sig og á þann hátt sem koma á fram í ættbók

Svæði merkt með \* verður að fylla út

#### Kennitala

Fæðingardagur (dd.mm.áááá)

For- og millinafn \*

Eftirnafn \*

Heimilisfang \*

Heimilisfang 2

Land \*

Póstnúmer (einungis íslenskir eigendur).\*

Símanúmer

Símanúmer

#### Netfang \*

Til baka

Gem og tilföj flere ejere

Vista

4. Þegar búið er að vista nýjan eiganda/nýja eigendur þá kemur upp yfirlits mynd til staðfestingar. Sá aðili sem er merktur rétthafi hunds er sá aðili sem er skráður sem eigandi hundsins í ættbók, aðrir eru meðeigendur. Smellt er á "Bæta við eiganda" ef það þarf að bæta við öðrum eiganda, annars er smellt á "Áfram" og eigendaskiptin staðfest.

#### Upplýsingar um eigendaskipti

Hundarnir mínir

Ejerskifte dato

10.12.2022

Nýir eigendur

Rétthafi hunds.	Viðtakandi pósts			
			112 Reykjavík	

Bæta við eiganda

Áfram

5. Þegar fráfarandi eigandi er búinn að staðfesta eigendaskiptin fær nýi eigandinn sendan tölvupóst. Í tölvupóstinum er hlekkur sem nýi eigandinn þarf að smella á. Hlekkurinn vísar að síðu á Hundavef þar sem nýi eigandinn getur breytt, leiðrétt og staðfest upplýsingarnar og eigendaskiptin. Þegar hann er búinn að staðfesta eigendaskiptin fer umsóknin til skrifstofu til afgreiðslu. Að afgreiðslu lokinni fær nýi eigandinn senda nýja eignarhalds staðfestingu í tölvupósti, þá er eigendaskráningin samstundis uppfærð í Hundavef og hundurinn kominn undir "Hundar" hjá nýjum eiganda.